

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 22. september 2022 í máli nr. 21/2022

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 2. mars 2022 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, eftir sóknaraðili, vegna þjónustu bílaleigunnar Y, hér eftir varnaraðili, í tengslum við leigu sóknaraðila á bifreið.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir viðgerð vegna tjóns sem varð á þeirri bifreið sem sóknaraðili leigði af varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum 500 evrur af þeirri greiðslu sem innt var af hendi vegna tjónsins. Þá krefst sóknaraðili þess að fá endurgreiddar úr hendi varnaraðila um 190 evrur vegna greiðslu á svokölluðu „administrative fee“. Loks krefst sóknaraðili að varnaraðili endurgreiði honum 15% af greiddu leigugjaldi. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 14. mars 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 21. mars 2022. Sóknaraðili gerði athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 25. mars 2022. Varnaraðili gerði athugasemdir við athugasemdir sóknaraðila þann 28. mars 2022.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, myndir sóknaraðila af leigubifreiðinni, samningur vegna leigu á bifreiðinni og staðfesting á greiðslu leigugjalds, skilmálar varnaraðila, kostnaðarmat eða svokallað CABAS mat frá fyrirtækinu [...] vegna tjónsins, bréf lögfræðings ECC á Íslandi dags. 22. desember 2021, afrit af skriflegum samskiptum varnaraðila og ECC á Íslandi, reikningar vegna stöðumælasekta, reikningur vegna bílrúðuviðgerðar og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila.

Með bréfi, dags. 21. september 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum málsins má ráða að sóknaraðili leigði bifreið hjá varnaraðila frá 30. júlí 2021 til 8. ágúst 2021 í gegnum fyrirtækið [...] og greiddi 277.920 krónur fyrir. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að skömmu eftir afhendinguna hafi sóknaraðili orðið var við ýmsa annmarka á bifreiðinni en hafi þó haldið áfram akstri hennar út leigutímabilið. Þann 4. ágúst 2021 hafi steinn skotist í framrúðu bifreiðarinnar sem hafi leitt til þess að sprunga myndaðist í henni. Hafi sóknaraðili tilkynnt varnaraðila um tjónið í tölvupósti þann 5. ágúst 2021. Þá hafi sóknaraðili jafnframt kvartað undan ástandi bifreiðarinnar. Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið nein viðbrögð við tölvupósti sínum. Við skil á bifreiðinni hafi sóknaraðili verið upplýstur að honum

yrði gert að greiða 214.785 krónur til varnaraðila. Hafi sú upphæð byggst annars vegar á áætluðum viðgerðarkostnaði vegna sprungu í framrúðu bifreiðarinnar og umsýslugjalds varnaraðila vegna tjónsins, alls að fjárhæð 206.285 krónur, og hins vegar á greiðsluseðli frá Vaðlaheiðargöngum og umsýslugjaldi varnaraðila tengdri þeirri greiðslu, alls að fjárhæð 8.500 krónur. Hafi sóknaraðili þá þegar greitt 132.273 krónur vegna tjónsins sem og fyrrnefndar 8.500 krónur vegna ferðar hans um Vaðlaheiðargöng. Þann 13. september 2021 hafi varnaraðili gjaldfært greiðslukort sóknaraðila um 74.012 krónur. Þann 19. janúar 2022 hafi varnaraðili krafist þess að sóknaraðili greiddi 7.750 krónur vegna stöðumælasektar sem varnaraðili kveður að lögð hafi verið á bifreiðina þann 31. júlí 2021 á Þingvöllum.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að fljótlega eftir afhendingu á leigubifreiðinni hafi hann orðið var við ýmsa alvarlega annmarka á henni. Í því samhengi nefnir sóknaraðili meðal annars að bifreiðin hafi verið víða ryðguð, handbremsa hennar hafi verið biluð, ekki hafi verið unnt að opna allar bílhurðir bifreiðarinnar, neyðarljós hafi verið kveikt í mæliborði, bremsuvír hafi dregist eftir jörðu, bifreiðin hafi verið mjög óhrein við afhendingu og að engin rúðuþurrka hafi verið í afturrúðu bifreiðarinnar. Sóknaraðili kveðst hafa haldið áfram akstri hennar út leigutímabilið en hafi sent varnaraðila tölvupóst og upplýst um framangreinda vankanta. Í ljósi þessara annmarka krefst sóknaraðili þess að varnaraðili endurgreiði honum 15% af greiddu leigugjaldi.

Sóknaraðili ber því við að hafa verið nauðbeygður að greiða varnaraðila 903,90 evrur við skil á leigubifreiðinni vegna tjóns á framrúðu hennar enda hafi varnaraðili upplýst sóknaraðila að öðrum kosti myndi hann halda eftir tryggingu að fjárhæð 2.700 evrur sem sóknaraðili hafði lagt fram í upphafi leigutímabils.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi svo gjaldfært greiðslukort hans um 493,74 evrur án hans leyfis þann 13. september 2021. Sóknaraðili telur að varnaraðili byggi fjárhæð viðgerðarkostnaðs á eigin áætlun og hafi ekki framvísað neinum gögnum sem sýni fram á raunverulegt fjártjón sitt. Sóknaraðili heldur því fram að unnt hefði verið að skipta út rúðunni með mun minni kostnaði en varnaraðili hafi gert honum að greiða og vísar til þess að varnaraðili hafi ekki sent honum umbeðnar upplýsingar um endanlegan viðgerðarkostnað. Þar sem varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt tjón sitt vegna skemmdanna krefst hann þess að varnaraðili endurgreiði honum 500 evrur af greiddum viðgerðarkostnaði.

Sóknaraðili kveðst ósáttur við kröfu varnaraðila um greiðslu umsýslugjalds sem varnaraðili hafi einhliða ákveðið að taka fyrir greiðslu greiðsluseðla. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðili endurgreiði honum um 190 evrur vegna þessa.

Sóknaraðili mótmælir kröfu varnaraðila að fjárhæð 7.750 krónur vegna stöðumælasektar sem lögð hafi verið á bifreiðina á Þingvöllum 31. júlí 2021. Fjárhæð kröfu varnaraðila byggi annars vegar á stöðumælasekt að fjárhæð 604,84 krónur og hins vegar á umsýsluþóknun varnaraðila að fjárhæð 5.645,16 krónur auk virðisaukaskatts að fjárhæð 1.500 krónur. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi fyrst krafist greiðslu hennar 19. janúar 2022 eða tæpum sex mánuðum eftir að sektin hafi verið lögð á. Sóknaraðili kveðst ekki hafa haft vitneskju um umrædda stöðumælasekt og telur að varnaraðili geti ekki krafist greiðslu vegna þessa enda sé of langt um liðið frá því leigutímabili lauk.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess krafist sé greiðslu að fjárhæð 7.750 krónur úr hendi sóknaraðila vegna stöðumælasektar sem lögð var á bifreiðina undir leigutímabili hans. Í 8.5.1. grein skilmála varnaraðila sé mælt fyrir um gjöld varnaraðila en þar segi: „If the renter or an additional driver commits traffic, parking, and/or road toll violation and the rental company needs to assist authorities with sending a fine to the renter, or any other special service requested by the renter a processing fee of 7.000 ISK will apply.“ Á grundvelli greinar 8.9.1. hafi sóknaraðili jafnframt verið krafinn um umsýslugjald vegna viðgerðar á framrúðu bifreiðarinnar.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt tjón sitt vegna viðgerðarinnar. Telji hann framlagt CABAS tjónamat ekki nægjanlega sönnun í þessum efnum og bendir á að varnaraðili hafi ekki lagt fram í málinu reikning vegna viðgerðarinnar eða gögn um að hún hafi farið fram.

Sóknaraðili telur umsýslugjöld varnaraðila of há og brjóti gegn ákvæðum 36. gr. c. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðili ítrekar að ástand leigubifreiðarinnar hafi verið óásættanlegt líkt og framlagðar myndir sýni og að hann hafi upplýst varnaraðila um það í tölvupósti á meðan leigutímabili hafi staðið.

3.4. Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveðst hafa lagt fram reikning vegna kostnaðar við viðgerð bifreiðarinnar. Einnig hafi CABAS tjónamat verið lagt fram sem framkvæmt hafi verið af óháðu verkstæði. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili sé heimilt að fá eitt af viðurkenndum verkstæðum til að útbúa annað mat og vísar um það á lista tryggingarfélagsins Sjóvá eða fá annan aðila til þess.

Varnaraðili telur sig í sjálfsvald sett hvernig hann hagi viðgerðum á bifreiðum sínum.

Varnaraðili telur þá málsástæðu sóknaraðila að umsýslugjöld hans brjóti gegn ákvæðum 36. gr. c. laga nr. 7/1936 ekki nægjanlega rökstudda og þá hvernig sektarákvæði varnaraðila séu ósanngjörn eða andstæð góðri viðskiptavenju. Að mati varnaraðila sé umrætt gjald almennt auk þess sem flest allar bílaleigur í heiminum rukki sambærileg gjöld. Þá hafi sóknaraðili getað komist undan greiðslu umsýslugjaldsins ef hann hefði greitt sektina áður en hún hafi borist varnaraðila. Það hafi sóknaraðili ekki gert og því hafi ábyrgð á greiðslu sektarinnar flust yfir á varnaraðila sem svo hafi innheimt hana af sóknaraðila

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili tók á leigu ferðabifreið í eigu varnaraðila, af gerðinni Nissan Primastar, árgerð 2006. Sóknaraðili leigði bifreiðina frá 30. júlí 2021 til og með 8. ágúst 2021 og greiddi 277.920 krónur fyrir þjónustuna. Þegar sóknaraðili tók við bifreiðinni varð hann var við ýmsa vankanta á henni sem hann kveðst hafa upplýst

varnaraðila um í tölvupósti. Þann 4. ágúst 2021 skaust steinn í framrúðu bifreiðarinnar á meðan á akstri stóð og myndaðist við það sprunga í henni. Við skil á bifreiðinni skrifaði sóknaraðili undir yfirlýsingu um ábyrgð á tjóninu og greiddi 132.273 krónur í tryggingargjald vegna eigin ábyrgðar. Tiltekið var í ábyrgðaryfirlýsingunni að tjónið væri metið að fjárhæð 105.273 krónur og að umsýslugjald varnaraðila væri að fjárhæð 27.000 krónur. Þann sama dag gaf varnaraðili út reikning á hendur sóknaraðila að fjárhæð alls 206.285 krónur. Í sundurliðun hans er tilgreint að kostnaður vegna viðgerðar á bílrúðunni sé að fjárhæð 144.585 krónur, umsýslugjald varnaraðila að fjárhæð 21.774 krónur og virðisaukaskattur að fjárhæð 39.926 krónur. Þann 9. ágúst 2021 var gefið út CABAS tjónamat þar sem viðgerðarkostnaður auk virðisaukaskatts var metinn að fjárhæð 179.285 krónur. Þann 13. september 2021 gjaldfærði varnaraðila síðan 74.012 krónur af greiðslukorti sóknaraðila vegna tjóns á bifreiðinni. Greiddi sóknaraðili því varnaraðila alls 206.285 krónur vegna tjónsins.

Sóknaraðili telur að tilgreindur viðgerðarkostnaður vegna tjónsins sé hærrí en eðlilegt geti talist með hliðsjón af umfangi tjónsins. Sóknaraðili telur varnaraðila ekki hafa sýnt fram á raunverulegt tjón sitt í málinu og krefst endurgreiðslu að fjárhæð 500 evrur. Þá telur sóknaraðili að fjárhæð umkrafins umsýslugjalds varnaraðila brjóti gegn ákvæðum samningalaga og krefst endurgreiðslu að fjárhæð um 190 evrur. Þá krefst sóknaraðila 15% endurgreiðslu af greiddu leigugjaldi vegna ýmissa vankanta á hinni leigðu bifreið.

Með vísan til þess að greiðsla sóknaraðila fyrir leigu á bifreiðinni var ákveðin í íslenskum krónum í leigusamningi aðila, að tjónamat og greiðsluseðlar vegna viðgerðar sem og annars kostnaðar sem sóknaraðili var krafinn um, voru sett fram í íslenskum krónum, verður niðurstaða kærunevndarinnar ákveðin í íslenskum krónum.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Ökutækjaleiga skuli gæta þess að skráningarskyld ökutæki til útleigu séu í góðu ásigkomulagi, hljóti gott viðhald og eftirlit og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau í lögum og reglugerðum. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Í gögnum málsins er að finna afrit af samningi aðila vegna leigu á bifreiðinni. Þar kemur fram að sóknaraðili beri takmarkaða ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda á bifreiðinni samkvæmt svokallaðri CDW tryggingu eða „Collision damage waiver“. Í þeirri tryggingu felst samkvæmt skilmálum varnaraðila að sóknaraðili ber takmarkaða ábyrgð á tjóni umfram 500.000 krónur. Hámarksgreiðsla sóknaraðila vegna tjóns er því 500.000 krónur. Í fyrirliggjandi samningi aðila er ekki að finna nánari upplýsingar um uppgjör vegna tjóns eða hvernig fjárhæð rauntjóns skuli metin.

Þegar sóknaraðili skilaði bifreiðinni og ljóst var að tjón hafði orðið á henni var hann beðinn um að rita undir eyðublað vegna tjónsins sem hann og gerði. Eyðublaðið nefnist „Damage Cost Liability Form/Invoice“, dags. 8. ágúst 2021. Þar kemur fram að sóknaraðili beri fulla ábyrgð á tjóninu í samræmi við skilmála varnaraðila. Þá segir að sóknaraðili fallist á að greiða viðgerðarkostnaðinn samkvæmt áætluðu mati varnaraðila að fjárhæð 105.273 krónur auk umsýslugjalds að fjárhæð 27.000 krónur, alls 132.273 krónur. Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili greiddi framangreinda fjárhæð sama dag. Þá liggur fyrir að varnaraðili gjaldfærði greiðslukort sóknaraðila þann 13. september 2021 fyrir 74.012 krónur. Alls greiddi sóknaraðili varnaraðila 206.285 krónur vegna tjónsins.

Samkvæmt reikningi varnaraðila dags. 8. ágúst 2021 var viðgerðarkostnaður metinn að fjárhæð 144.585 krónur og tiltekið að umsýslugjald varnaraðila væri að fjárhæð 21.774 krónur. Framangreindar fjárhæðir auk virðisaukaskatts námu alls 206.285 krónum.

Í CABAS mati [...] vegna tjónsins, dags. 9. ágúst 2021, kemur fram að tjón hafi orðið á framrúðu. Þá segir að tjónið sé metið á grundvelli ljósmynda og upplýsinga frá varnaraðila. Loks kemur fram að viðgerð hafi ekki verið framkvæmd og óljóst sé bæði hvort viðgerð muni eiga sér stað og ef svo er, hver muni gera við hana. Kostnaður viðgerðar vegna tjónsins er áætlaður að fjárhæð 144.585 krónur og er sundurliðaður með eftirfarandi hætti án virðisaukaskatts:

„Body repair work, R/I“ alls 44.853 krónur fyrir 2.60 klukkustunda vinnu.

„Parts“ alls 63.647 krónur.

„Other Material“ alls 22.253 krónur.

„Incidental Material“ alls 5.382 krónur.

„Administrative cost“ alls 8.450 krónur.

Samkvæmt fyrirnefndum reikningi og eyðublaði varnaraðila vegna tjónsins, bæði dags. 8. ágúst 2021, hafði varnaraðili þegar metið fyrirhugaðan viðgerðarkostnað vegna tjónsins sama dag og sóknaraðili skilaði bifreiðinni og aðeins þremur dögum eftir að sóknaraðili tilkynnti um tjónið með tölvupósti. Ekki liggur fyrir hver stóð að baki kostnaðarmati á viðgerðarkostnaðinum þennan dag eða hvaða forsendur lágu þar að baki. Framlögð skjöl eru aðeins merkt varnaraðila. Samkvæmt CABAS tjónamatinu var aðeins stuðst við ljósmyndir af hinni skemmdu framrúðu bifreiðarinnar og upplýsingum frá varnaraðila um hana. Liggur því fyrir að bifreiðin var ekki skoðuð af þeim sem framkvæmdi umrætt tjónamat.

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni.

Óumdeilt er að tjón varð á bifreiðinni þegar steinn skaust í framrúðu hennar þegar sóknaraðili var með hana á leigu. Stendur þá eftir hvort ráða megi með vissu af gögnum málsins hvert var raunverulegt fjárhagslegt tjón varnaraðila vegna skemmda á bifreiðinni. Framangreindu CABAS tjónamati var aflað einhliða af hálfu varnaraðila og er sett fram með óljósum hætti svo erfitt er að átta sig á því hvernig raunverulegt tjón er fundið út með hlutlausum hætti. Ekki er sýnt fram á að nauðsynlegt sé að framkvæma alla þætti kostnaðarmatsins vegna tjóns sem beinlínis og einvörðungu megi rekja til óhapps sóknaraðila. Af fyrirliggjandi kostnaðarmati verður þar af leiðandi ekki að fullu ráðið hvernig raunverulegt tjón

varnaraðila, sem rakið verður til sóknaraðila, er fundið út. Framlagning á slíku tjónamati dugar þess heldur ekki ein og sér til þess að sýna fram á að hvaða marki sóknaraðili hafi valdið varnaraðila fjárhagslegu tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi. Verður einnig að liggja fyrir að tilgreind viðgerð hafi í raun farið fram líkt og varnaraðili byggir á og að varnaraðili hafi greitt fyrir hana. Samkvæmt CABAS matinu var viðgerð á bifreiðinni ekki lokið og óljóst hvort gert yrði við bifreiðina.

Kærunefndin óskaði eftir gögnum og upplýsingum frá varnaraðila við meðferð málsins sem sýnt gætu fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón varnaraðila. Var óskað eftir upplýsingum um hvort varnaraðili hafi haft bílrúðutryggingu hjá váttryggingarfélagi sínu vegna bifreiðarinnar og ef svo hafi verið, hvort varnaraðili hafi fengið tjón sitt bætt í heild eða að hluta frá viðkomandi. Engin svör hafa borist frá varnaraðila þrátt fyrir ítrekun.

Þrátt fyrir að það er ágreiningslaust milli aðila að sóknaraðili hafi valdið tjóni á bifreiðinni er það mat kærunefndarinnar að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt vegna viðgerðar á bifreiðinni. Ekki liggur fyrir hvort varnaraðili hafi fengið tjón sitt bætt frá váttryggingarfélagi sínu í heild eða að hluta, en slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta hvort skaðabótaréttur hafi stofnast samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekkert liggur fyrir sem staðreynir að viðgerð hafi í raun farið fram á bifreiðinni. Þá liggur ekkert fyrir sem sýnir fram á að varnaraðili hafi greitt þann viðgerðarkostnað sem tilgreindur er í kostnaðarmati fyrirtækisins [...] vegna viðgerðar á bifreiðinni eða hvaða fjárhæð, ef önnur en greint er frá í kostnaðarmatinu, hafi verið greidd af varnaraðila. Verður því ekki séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 206.285 krónur frá sóknaraðila. Samningur sóknaraðila og varnaraðila, þar sem greint er frá almennri hámarksgræiðsluskyldu sóknaraðila vegna tjóns sem kann að verða á bifreiðinni af völdum sóknaraðila, hefur ekki áhrif á þá grundvallarskyldu varnaraðila að sýna fram á umfang þess fjárhagslega tjóns sem hann varð fyrir til þess að krefjast skaðabóta af þeim sökum. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu að fjárhæð 73.900 krónur.

Af gögnum málsins verður ráðið að aðilar gerðu með sér samning um leigu bifreiðarinnar þann 22. júní 2021 í gegnum fyrirtækið [...]. Með því gekkst sóknaraðili undir skilmála varnaraðila. Í 8. kafla skilmála varnaraðila er fjallað um gjöld og annan kostnað. Í grein 8.5.1. kemur m.a. fram að í þeim tilvikum þar sem stöðumælasekt er lögð á bifreið á leigutímabili leigutaka og varnaraðili þarf að hlutast til við að aðstoða yfirvöld við að senda leigutaka sektina sé krafist greiðslu gjalds að fjárhæð 7.000 krónur. Þá kemur fram í grein 8.9.1. að svokallað „administration fee“ að fjárhæð 27.000 krónur sé krafist þegar leigubifreið verður fyrir tjóni hjá leigutaka. Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í því felst að samningsaðilum ber að efna gerða samninga samkvæmt efni sínu. Í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml.) er að finna undantekningu frá þeirri meginreglu. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sml. má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við það mat skal samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Sóknaraðili byggir á því að umsýslugjöld varnaraðila séu of há og ósanngjörn og brjóti gegn ákvæðum 36. gr. c. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Í 36. gr. c. laganna segir eftirfarandi:

Ákvæði 36. gr. gilda um samninga skv. 1. mgr. 36. gr. a, þó með þeim breytingum sem leiðir af 2. og 3. mgr.

Við mat á því hvort samningur skv. 1. mgr. sé ósamngjarn skal líta til atriða og atvika sem nefnd eru í 2. mgr. 36. gr., m.a. skilmála í öðrum samningi sem hann tengist. Þó skal eigi taka tillit til atvika sem síðar komu til, neytanda í óhag.

Samningur telst ósamngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.]¹⁾

Líkt og að framan greinir er umrætt lagaákvæði undantekningarákvæði frá meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda. Verða því að vera veigamiklar ástæður fyrir því að unnt sé að falla frá samningi af þeim sökum með þeim afleiðingum að samningurinn verði óskuldbindandi. Af gögnum málsins verður því ekki slegið föstu að samningsskilmálar varnaraðila sem slíkir, eða umrædd ákvæði 8. kafla skilmálanna um gjöld og annan kostnað, teljist ein og sér ósamngjörn þar sem þau stríði gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag í skilningi 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Að því virtu telur kærunefndin ekki skilyrði til að víkja til hliðar meginreglu samningaréttar um að gerða samninga beri að halda. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu umþrættar umsýslugjalda.

Fyrir liggur að sóknaraðili leigði og nýtti ferðabifreið í eigu varnaraðila frá 30. júlí til 8. ágúst 2021, eða í tíu daga, þrátt fyrir að bifreiðin hafi ekki verið af þeim gæðum sem sóknaraðili mátti búast við. Þó framlagðar ljósmyndir staðfesta nokkra af þeim vanköntun sem sóknaraðili heldur fram í málinu að hafi verið á bifreiðinni er ekki unnt að fallast á kröfu hans um 15% endurgreiðslu leigugjalds, en til þess verður að líta að hann fór með afnot bifreiðarinnar allan leigutímann. Er kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu hluta leiguverðs bifreiðarinnar því hafnað.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 73.900 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 kr. verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 kr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson